

## Stefna Ræktunar og fæð (R&F) samþykkt á deildarfundi 5. maí 2022

- R&F leggur áherslu á sköpun, varðveislu og miðlun þekkingar í búfjárrækt, jarðrækt og sjálfbærri nýtingu lands til landbúnaðarframleiðslu. Sérstök áhersla er lögð á fóðrun, atferli og velferð búfjár; búfé og búfjárkynbætur; jarðveg, ræktun og plöntukynbætur; búrekstur og bútækni.
- Viðfangsefnin eru þverfagleg. Þau samtvinna líffræðilega, tæknilega, hagfræðilega og samfélagslega þætti tengda landbúnaðarframleiðslu og áhrif hennar á allt umhverfi nær og fjær.
- R&F leggur áherslu á verkefni sem styðja við sjálfbæra þróun í samræmi við þarfir samfélagsins og alþjóðlegar skuldbindingar. Þessu tengist bæði fræðsla til almennings og leiðbeiningar til stjórnvalda.
- R&F stuðlar að tengslum milli rannsókna og kennslu og leggur áherslu á rannsóknamiðað nám á öllum fagsviðum búvísinda sem og öflugt starfsmenntanám.
- Í nýsköpunarstarfi er leitast við að umbreyta og aðlaga fræðilega þekkingu í tæki og tól sem nýtast þeim sem starfa á fagsviðum deildarinnar.
- Þarfir samfélagsins fyrir heilnæm matvæli, fæðuöryggi, líffræðilegan fjölbreytileika og sjálfbæra landnýtingu eru leiðarljós R&F.

### Fagsvið

#### Búfjárrækt:

- Lbhlí sinnir fyrst og fremst verkefnum í sauðfjárrækt og nautgriparrækt en einnig í öðrum búfjártegundum eins og hrossarrækt.
- Verkefni tengjast ýmsu: uppeldi, mjólkurframleiðslu, fóðrun búfjár, sjúkdómum, aðbúnaði, fóðrun, fóðurverkun, eiginleikum og erfðafjölbreytileika íslenskra búfjárkynja og ræktun þeirra.
- Rannsóknir á umhverfisáhrifum búfjárræktar er mikilvægt rannsóknasvið, þ.m.t losun gróðurhúsalofttegunda.

#### Jarðrækt og garðyrkja

- Á þessu sviði eru verkefni er varða jarðveg, áburð og hvers konar ræktun. Rannsóknir á hringrásum næringarefna, áburðarþörf, áburðarnýtingu og nýtingu lífræns úrgangs skapa grundvöll fyrir hagkvæma ræktun og bæta möguleika á sjálfbærri ræktun. Hér má nefna langtímatilraunir með áburð, nýtingu búfjáráburðar og kolefnis- og niturjöfnuð í manngerðum vistkerfum.
- Annar veigamikill þáttur eru kynbætur og yrkja- og ræktunartilraunir í korni, orkujurtum, fóðurjurtum og grænmeti. Plöntukynbótaverkefni miða að því að auka ræktunaröryggi, t.d. með því að auka flýti í byggjarkjum, sjúkdómaþol og uppskeru og endingu í fjölærum grastegundum.
- Ræktun og framleiðsla lífmassa er rannsökuð og nýjar tegundir prófaðar.
- Tilraunir í ylrækt sem miða að því að auka uppskerumagn og draga úr framleiðslukostnaði (sérstaklega orkukostnaði) eru mikilvægar. Einnig tilraunir á útiræktuðu grænmeti með það að markmiði að finna yrki sem henta íslenskum aðstæðum.

#### Búrekstur og bútækni

- Bútækni og rekstur búa eru gríðarmikilvæg landbúnaði. Bútækni og búrekstrarverkefni tengjast mjög ólíkum viðfangsefnum eins og húsvist búfjár, mjaltatækni, þróun véla og verkferla í jarðrækt og fóðuröflun og orkuskiptum í landbúnaði.
- Efla þarf skipulagðar búrekstrar- og bútæknirannsóknir.
- R&F vill taka virkan þátt í fjórðu iðnbyltingunni!

